

Áfangalýsing.

Heiti áfanga: **NORS2BB05**

Staða áfanga: NORS2BB05 er annar áfangi í norsku á menntaskólastigi, að loknum NORS2AA05, samkvæmt *Aðalnámskrá framhaldsskóla – erlend tungumál* (2011). Áfanginn er undanfari NORS3CC05.

Norska er kennslumálið í öllum áföngunum.

Stutt lýsing á áfanganum: Nemendur eru þjálfaðir áfram í færniþáttunum fjórum: tali, hlustun, lestri og ritun. Lögð er áhersla á að byggja upp virkan og óvirkan orðaforða nemenda, með lestri texta og samtali um fjölbreytt málefni nútímasamfélaga, sérstaklega í Noregi. Lestur bókmennta á norsku, kynning á höfundum, undirstöðuatriði og þjálfun í bókmenntagreiningu er einnig hluti af þessum áfanga.

Nokkur lykilmarkmið áfangans: Að nemendur geti

- skilið vel allt almennt tal á norsku og notað hana sem vinnumál í kennslustundum,
- sagt frá lesnum texta, tekið þátt í samræðum og tjáð sig með viðeigandi orðalagi,
- notað orðaforða sem unnið hefur verið með í námsefninu, í nýju samhengi,
- notað gagnrýna hugsun til að fjalla um texta/bókmenntir, munnlega og skriflega.

Námsmat: Í kjarnaáföngunum NORS2AA05 og NORS2BB05 byggist námsmatið á vinnuframlagi nemenda á önninni, hlutaprófi og lokaprófi.

Målet med norskundervisning i videregående skole er å:

- forbedre elevenes språklige kompetanse ved å øke deres ordforråd gjennom diverse øvinger og lesning af ulike teksttyper,
- øve grammatisk struktur,
- utvide deres evne til å uttrykke seg både muntlig og skriftlig,
- gi elevene nærmere innsikt i norsk litteratur og det norske språkets utvikling i det norske samfunnet i dag, og i landets historie,
- vedlikeholde og bygge ut elevenes språkkunnskaper for å klare seg i nordiske samfunn.